

**Fundargerð**  
**236. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs**  
Þriðjudaginn 18. apríl 2017 kl. 12<sup>15</sup>–13<sup>50</sup>.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.  
Bryndís Skúladóttir (BS) (fjarverandi)  
Árni Jóhannsson (ÁJ) vm. BS Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.  
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)  
Guðfinnur Johnsen (GJ) (fjarverandi)  
Hlíðar Þór Hreinsson (HPH) (fjarverandi)  
Halldór Haraldsson (HH) vm. HPH  
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)  
Lúðvík Gústafsson (LG)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Upplýsingabeidni
- (3) Lög um opinber fjármál
- (4) Plastumbúðir
- (5) Frumvarp um breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs
- (6) Þjónustu- og ráðstöfunaraðilar
- (7) Önnur mál

### 1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (235. fundar).

*Samþykkt*



### 2. Upplýsingabeidni

Á fundinum var lagt fram bréf lögmanns Samskila þar sem farið er fram á upplýsingar um félagsmenn RR Skila og innflutning þeirra á raftækjum á tilteknum árum. Eins og fram kom í skeyti til stjórnar 15.3.17 þá var leitað ráða hjá Kristjáni Þorbergssyni lögmanni. Tillaga hans var að senda bréf til félagsmanna RR Skila og gera þeim grein fyrir málinu og gefa þeim kost á að bregðast við erindinu. Vísaði hann m.a. til ákvæða í lögum Úrvinnslusjóðs þar sem kveðið er á um að haft skuli samráð við hlutaðeigandi aðila um mál sem þá varða.

Lögð voru fram á fundinum svör sem borist hafa frá félagsmönnum RR Skila. Meirihluti þessara fyrirtækja leggjast gegn því að gefa upplýsingar um markaðshlutdeild.

GGÞ minnti á að Úrvinnslusjóður er ekki aðili máls. Eingöngu er verið að óska eftir upplýsingum, sundurliðiðum, um markaðshlutdeild.

*Í ljósi þess að margir þeirra umsagnaraðila sem hagsmuna eiga að gæta, leggjast eindregið gegn því að umbeðnar upplýsingar verði veittar, þar sem þeir telja að um viðkvæmar viðskiptaupplýsingar þá varðandi sé að ræða, ályktar stjórn Úrvinnslusjóðs að rétt að synja erindi lögmanns Samskila ehf. Stjórn felur framkvæmdastjóra Úrvinnslusjóðs ásamt Kristjáni Þorbergssyni lögmanni, að svara erindinu til samræmis við þá niðurstöðu.*

*HH sat hjá við ákvörðun stjórnar.*

### **3. Lög um opinber fjármál**

ÓK fór yfir að fulltrúar frá UAR kynntu frumvarp að lögum um opinber fjármál, m.t.t. starfssemi Úrvinnslusjóðs, á stjórnarfundum 8.12.2016.

ÓK upplýsti að þó að frumvarpið sé orðið að lögum liggur ekki að fullu fyrir hvaða áhrif þau muni hafa á starfssemi sjóðsins m.a. hvað varðar vaxtatekjur og rekstrarafgang.

GGP telur að atvinnulífið og stjórn Úrvinnslusjóðs eigi að óska eftir fundi með fulltrúum fjármálaráðuneytisins um meðhöndlun úrvinnslugjalds til framtíðar. Stjórn ræddi málið. ÓK falið að gera minnispunkta um stöðu málsins og senda á fulltrúum UAR og stjórnarmönnum.

*Stjórn felur framkvæmdastjóra að boða til fundar með fulltrúum fjármálaráðuneytis, UAR og stjórn Úrvinnslusjóðs þriðjudaginn 25. apríl, eða svo fljótt sem verða má um meðhöndlun úrvinnslugjalds hjá ríkissjóði.*

### **4. Plastumbúðir**

GGP fór yfir stöðu og framtíð plastmála í ljósi umræðu um plastmengun í höfum, þ.e. hvort ástæða sé til að Úrvinnslusjóður komi á einhvern hátt frekar að þeim málum.

Stjórnarmenn ræddu málið.

### **5. Frumvarp um breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs**

Lagt var fram á fundinum beiðni um umsögn um frumvarp um breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs.

ÓK fór yfir að aðilar sem skipa stjórn Úrvinnslusjóðs fengu einnig beiðni um umsagnir auk þess sem Úrvinnslusjóður gerði á sínum tíma umsögn um frumvarpið.

Á fundinum var lögð fram hluti úr greinargerð með frumvarpinu þar sem fjallað er um samráð. Þar kemur fram að UAR mun, með vísan til 1. mgr. 17. gr. laga nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, beina málinu til stjórnar Úrvinnslusjóðs til að greina nánar þann kostnað sem ágreiningurinn stendur um og koma með tillögu að lausn.

### **6. Ráðstöfunaraðili**

Eftirtalinn aðili óskar eftir að gerast miðlari (ráðstöfunaraðili (broker)) fyrir endurvinnslu á heyrúlluplasti:

Efnamóttakan hf fyrir hönd:

Óskað er nafnleyndar.


*Samþykkt.*


### **7. Önnur mál.**

Spurt var um væntanlega sendingu á spilliefnum til Spánar. Ekki hefur enn fengist leyfi til að flytja efnin til eyðingar á Spáni.

Næsti fundur ákveðinn 9. maí 2017.

Fundi slitið kl 13.50

  
Guðmundur Þórðarson

  
Bryndís Lúdvígsdóttir